

Mál nr. 344/2016 – leiðréttur úrskurður
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar ökumanns bifhjólsins A.

Umferðarslys á bifhjóli 24.8.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.10.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 8.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-2

Málsatvik.

Í málskoti segir að M hafi misst stjórn á bifhjólinu A þegar hann var að aka því í átt að mótorkrossbraut, en hjólið hafi lent á grjóti með þeim afleiðingum að það fór á hliðina og A varð fyrir meiðslum. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A hjá V og vísar til 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M vísar til þess að þar sé kveðið á um að ökumenn sem stjórna skráningarskyldu vélknúnu ökutæki séu tryggðar bætur jafnvel þó þeir beri sjálfir ábyrgð á tjóninu. Varðandi skerðingu bóta vísar M til þess að félagið V þurfi að sanna að ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Af hálfu M er tekið fram að hann sé vanur að aka bifhjólum þó hann hafi ekki haft réttindi til að stjórna þungu bifhjóli eins og um var að ræða hvað varðar A. Í lögregluskýrslu kemur fram að M er eingöngu með svonefnd B réttindi og hafði því ekki réttindi til að aka bifhjólinu A sem um ræðir og skv. lögregluskýrslu þá kemur fram að M segist hafa haldið að hann þyrfti ekki bifhjólaréttindi á þetta hjól þar sem það var mótorkrosshjól og notaði hann það eingöngu á akstursbrautum. V viðurkennir bótaskyldu en telur rétt að skerða bætur til M um helming þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifhjólsins og að orsakatengsl hafi verið á milli þess og vátryggingaratburðarins. V vísar til gr. 4.1. í vátryggingaskilmálum slysátryggingar ökumanns og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og segir að M hafi ekki haft réttindi til að aka þungu bifhjóli heldur eingöngu léttu bifhjóli, en A sé þungt bifhjól og atvik málsins bendi til þess að M hafi ekki haft næga þekkingu og reynslu til að aka bifhjólinu.

Álit.

Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að ágreiningslaust sé að M ók þungu bifhjóli í umrætt sinn, en hann hafi gert það án þess að hafa þau ökuréttindi sem hann þurfti til að aka bifhjólinu. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að M sé vanur að aka bifhjólum af þessu tagi þrátt fyrir ökuréttindaleysið. Þegar M missti stjórn á bifhjólinu er ekki annað að sjá en að aðstæður til aksturs hafi verið góðar. Þrátt fyrir það missti M stjórn á hjólinu þegar hann lenti á einhvers konar fyrirstöðu. Verður ekki annað séð að það verði rakið til þess að M hafði hvorki næga þekkingu né reynslu til að aka þungu bifhjóli eins og A. Við slíkan akstur án ökuréttinda og nægilegrar þekkingar og reynslu sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum, sbr. tilvísun til þess hugtaks í 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga (og 1. mgr. 90. gr. sömu laga). Þegar tekið er tillit til þess hversu mikil sök M er verður fallist á að V geti takmarkað ábyrgð sína um þriðjung tjónsfjárhæðar vegna stórkostlegs gáleysis M í umrætt sinn. M á því rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns en bætur til hans skerðast um 33%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr bifhjólátryggingu A hjá V, en bætur til hans skerðast um 33%.

Reykjavík 29.11.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.